



Borgarráð

Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins um kostnað við framkvæmdir við Miklubraut við Klambratún - Tilvísun í mál R18110068.

Á fundi borgarráðs hinn 8. nóvember 2018 var lögð fram eftirfarandi fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Miðflokksins:

1. *Hvað kostuðu yfirborðs framkvæmdir á Miklubraut gegnt Klambratúni, og í nágrenni hennar sem fellur á Reykjavíkurborg?*
2. *Fór verkið í útboð og hver var kostnaðaráætlunin?
Óskað er eftir gögnum sem staðfesta spurningu 2.*

Svör:

1. Kostnaður Reykjavíkurborgar vegna framkvæmda á Miklubraut við Klambratún er alls 170 mkr.
Kostnaður þessi er vegna göngu- og hjólastígs, hljóðvarna og umhverfisfrágangs. Samhliða hefur einnig verið unnið að ýmsum umferðaröryggismálum í hliðargötum s.s. upphækkunum, umferðarljósum o.fl.
Kostnaður vegna þeirra aðgerða er um 80 mkr.
2. Í samstarfi við Vegagerðina og Veitur voru framkvæmdir við gerð nýrrar strætóreinar, göngu- og hjólastíg og hljóðvarnir boðnar út í opnu útboði.
Á fundi innkauparáðs 7. apríl 2017 var samþykkt að ganga að tilboði lægstbjóðanda, Bjössu ehf, að upphæð kr. 276.000.000,- .
Tilboð lægstbjóðanda var 103,76% af kostnaðaráætlun verktakakostnaðar sem lögð var fram við opnun tilboða.
Verkhönnun var boðin út í sérstöku útboði og eftirlit með framkvæmd skv. verðfyrirspurn.

Verkefnið er samstarfsverkefni með Vegagerðinni og Veitum. Í því felst gerð nýrrar strætóreinar á Miklubraut til austurs milli Rauðarárstígs og Lönguhlíðar, strætóbiðstöð við Reykjahlíð, lagning á nýjum göngu- og hjólastígum norðan Miklubrautar við Klambratún og hljóðvarnir.

Vegagerðin greiðir fyrir gerð strætóreinar og hljóðvarnir að hluta.

Reykjavíkurborg greiðir kostnaðar við nýjan göngu- og hjólastíg, hljóðvarnir að hluta og umhverfisfrágang.

Veitur greiða kostnað vegna veitukerfa.

Skv. áætlun sem lögð var fram í borgarráði 9. mars 2017 var gert ráð fyrir að kostnaður Reykjavíkurborgar vegna framkvæmda við Miklubraut við Klambratún væri 170 mkr.

Verkinu er nú í öllum megin atriðum lokið og mannvirkin komin í notkun.



Ámundi Brynjólfsson,
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds

Hjálagt:

Niðurstöður útboða



Reykjavíkurborg
innkaupadeild

Útboð nr. 13921 - Miklabraut. Rauðarárstígur - Langahlíð. Strætórein, stígar og hljóðvarnir
fyrir Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Tilboðin voru opnuð í Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, miðvikudaginn 29. mars 2017 kl. 10:00

Bjóðendur:	Tilboðsverð við opnun	Hlutf. af kostn.áætl	Tilboðsverð eftir yfirferð	Hlutf. af kostn.áætl
1 Bjössi ehf	276.000.000	103,76%	276.000.000	103,76%
2 Grafa of Grjót ehf	297.591.508	111,87%	297.591.508	111,87%
Kostnaðaráætlun	266.005.388	100,00%	266.005.388	100,00%

Innkauparáð Reykjavíkurborgar samþykkti á fundi sínum 7. apríl 2017, að taka tilboði
Bjössa ehf.

Árið 2017, fimmtudaginn 27. apríl kl. 10:00 var haldinn opnunarfundur vegna verðfyrirspurnar umhverfis- og skipulagssviðs Reykjavíkurborgar nr. 13984 "Miklabraut. Rauðarárstígur - Langahlíð - Eftirlit". Fundurinn var haldinn í Borgartúni 12-14, Reykjavík.
Fundi stjórnáði Guðbjörg Eggertsdóttir. Fundargerð ritaði Unnur Óskarsdóttir.

Eftirfarandi tilboð bárust:

1	Hnit verkfræðistofa hf.	kr.	8.970.358	84,31%
2	Verkís hf.	kr.	5.681.735	53,40%
3	Efla hf.	kr.	11.582.592	108,86%
	Kostnaðaráætlun	kr.	10.640.000	100,00%

Fleiri tilboð bárust ekki
Fundi slitið kl. 10:02

Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar hefur ákveðið að ganga að tilboði lægstbjóðanda Verkís hf. að upphæð kr. 5.681.735.



Reykjavíkurborg
innkaupadeild

Útboð nr. 13807 Miklabraut. Rauðararstígur - Langahlíð. Strætórein - Hönnun
fyrir Umhverfis- og skipulagssvið Reykjavíkurborgar

Tilboðin voru opnuð í Borgartúni 12-14, 105 Reykjavík, þriðjudaginn 22. nóvember 2016, kl. 13:00

Bjóðendur:	Tilboðsverð við opnun	Hlutf. af kostn.áætl	Tilboðsverð eftir yfirferð	Hlutf. af kostn.áætl
1 Efla hf.	18.334.312	99,10%	18.334.312	99,10%
2 Hnit verkfræðistofa hf.	13.898.536	75,13%	13.898.536	75,13%
3 Verkís hf.	18.445.141	99,70%	18.445.141	99,70%
4 VSÓ ráðgjöf ehf.	13.819.000	74,70%	13.819.000	74,70%
5 Mannvit hf.	19.280.000	104,22%	19.280.000	104,22%
Kostnaðaráætlun	18.500.000	100,00%	18.500.000	100,00%